

Eftirlit var haft með efnaleifum í búfé og búfjárafurðum skv. efnaleifaáætlun 2019. Efnaleifaáætlun byggir á reglugerð (IS) nr. 30/2012 og er sýnatökum dreift á umdæmi og sláturhús eftir framleiðslumagni og sláturtölum.

Skimað var fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum, sýklalyfjum, öðrum dýralyfjum (t.d. sníkla- og hníslalyfjum) auk annarra efna og aðskotaefna. Sýni voru tekin úr nautgripum, svínunum, sauðfé, hrossum, alifuglum, eldisfiskum, mjólk, eggjum, hreindýrum og drykkjarvatni og fódri búfjár.

Héraðsdýralæknar, eftirlitsdýralæknar og dýraeftirlitsmenn sjá um allar sýnatökur. Sýni af vöðva, fitu, lifur, nýrum eða þvagi frá dýrum voru tekin í nær öllum sláturhúsum við slátrun. Mjólkursýni voru tekin á kúabúum. Þvagsýni voru tekin á nautgripa- og svínabúum til að skima fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum. Einnig voru tekin sýni úr drykkjarvatni og fódri nautgripa, svína og alifugla til að skima fyrir vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum. Eggjasýni voru tekin á eggjabúum og eggjapökkunarstöðvum. Sýni úr fiskeldi voru flest tekin við slátrun og vinnslu en nokkur sýni voru tekin á fyrri eldisstigum til að leita að vaxtarhvetjandi- og óleyfilegum efnum. Þá voru einnig tekin sýni af hreindýralifur.

Alls voru tekin 1.548 opinber sýni sem voru rannsökuð á viðurkenndum rannsóknastofum erlendis. Niðurstöður rannsókna eru skoðaðar og rýndar þegar þær berast. Niðurstöður ársins 2019 voru flestar undir greiningarmörkum þeirra aðferða sem viðurkenndar rannsóknastofur nota eða undir þeim viðmiðunarmörkum sem sett eru í reglugerðum. Þó voru 10 sýni sem gáfu niðurstöður sem urðu til þess að farið var í eftirfylgni, gögn um sýnin rýnd og/eða ástæðu leitað. Sýni yfir hámarksgildum (MRL):

- Efnid thioracil greindist í sjö nautgripasýnum. Gildin voru öll, nema eitt, undir ráðlögðum styrk ($RC < 10 \mu\text{g/L}$) og öll undir ráðlögðum styrk EURL ($RC < 30 \mu\text{g/L}$). Leifar af thioracil er að öllum líkindum hægt að rekja til fóðrunar á jurtum af krossblómaætt, t.d. grænkáli.
- 17 β -Nortestosterone greindist í einu svínasýni (1 galtargrís). Þekkt er að efnid greinist í þvagi stóðhesta, galta og hrúta (af vissum tegundum) og var því áætla að efnid væri af náttúrlegum uppruna í grísnum.
- Efnid zearalenon greindist í einu eldisfiskasýni. Efnid getur m.a. fundist í skemmdu/mygluðu fódri og átti það við í þessu tilfalli.
- Hexaklórbensen (HCB) greindist yfir hámarksgildi í einu hrossasýni (fitu). Vöðvasýni úr sama hrossi var undir hámarksgildi. Tekin voru vöðvasýni og fitusýni úr öllum sjö hrossunum, sem voru valin til sýnatöku, til að bera saman gildin og voru öll vöðvasýnin undir hámarksgildi. HCB er þrávirkt lífrænt klórsamband sem safnast upp bæði í umhverfinu og lífverum. Niðurbrot efnisins tekur afar langan tíma og getur efnid borist langar leiðir í lofti frá uppsprettunni. Hér áður fyrr var HCB aðallega notað sem varnarefni (sveppaeyðir). Í dag er nánast öll notkun HCB bönnuð en efnid getur myndast við bruna og þannig borist í litlum mæli út í umhverfið frá t.d. stóriðnaði og sorpbrennslum. Hross eru oftast frekar mjóslegin dýr í samanburði við svín og nautgripi. Fyrir þær sakir safnast allt HCB sem fyrir finnst á beitarhögunum í litlum fitubirgðum, sem þar af leiðandi leiðir til hærri styrks HCB í fitu hrossa. Útreikningar sýndu að fólki stafi ekki hætta af því gildi sem mældist yfir mörkum í hrossafitu þar sem neysla hrossakjöts er frekar lítil.

| Efnaflokkur | Efni | Hlutfall sýna með efnaleifar undir leyfilegum mörkum | | | | | | | | | Alls |
|--|---------------------------------------|--|--------------|-------------|--------------|-------------|---------------|-------------|-------------|-------------|---------------|
| | | Nautgripir | Svín | Sauðfé | Hross | Alifuglar | Eldisfiskar | Mjólk | Egg | Hreindýr | |
| Vaxtarstýriefni og óleyfileg efni | | 98,4% | 94,7% | 100% | 100% | 100% | 98,5% | 100% | 100% | 0% | 99,4% |
| A1, A3, A4 | Stilben, sterar og RAL | 10/10 | 2/3 | 14/14 | 2/2 | 26/26 | 21/22 | 0 | 0 | 0 | 97,4% |
| A2 | Efni með skjaldkirtilsheftandi virkni | 9/10 | 3/3 | 14/14 | 2/2 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 96,6% |
| A5 | Beta-örvar | 30/30 | 9/9 | 17/17 | 2/2 | 36/36 | 0 | 0 | 0 | 0 | 100% |
| A6 | Klóramfenikól og nitrófurán | 12/12 | 4/4 | 18/18 | 2/2 | 42/42 | 44/44 | 78/78 | 88/88 | 0 | 100% |
| Dýralyf og mengunarefni | | 100% | 100% | 100% | 97,6% | 100% | 100,0% | 100% | 100% | 100% | 99,9% |
| Sýklalyf | | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 0% | 100% |
| B1 | Sýklalyf | 14/14 | 12/12 | 92/92 | 6/6 | 36/36 | 35/35 | 78/78 | 76/76 | 0 | 100% |
| Önnur dýralyf | | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100,0% | 100% | 100% | 0% | 100,0% |
| B2a | Sníklalyf | 2/2 | 2/2 | 65/65 | 4/4 | 5/5 | 35/35 | 18/18 | 0 | 0 | 100% |
| B2b | Hníslalyf | 2/2 | 1/1 | 10/10 | 1/1 | 38/38 | 0 | 0 | 76/76 | 0 | 100% |
| B2c | Karbamat og píretróíð | 1/1 | 2/2 | 7/7 | 1/1 | 4/4 | 10/10 | 0 | 20/20 | 0 | 100,0% |
| B2d | Róandi lyf | 2/2 | 1/1 | 10/10 | 3/3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 100% |
| B2e | Bólguþandi lyf (NSAIDs) | 4/4 | 4/4 | 20/20 | 6/6 | 4/4 | 0 | 58/58 | 0 | 0 | 100% |
| B2f | Barksterar | 4/4 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 20/20 | 0 | 0 | 100% |
| Önnur efni og aðskotaefni | | 100% | 100% | 100% | 95,2% | 100% | 100% | 100% | 100% | 100% | 99,6% |
| B3a | Lífræn klórsambönd | 2/2 | 1/1 | 7/7 | 13/14 | 4/4 | 12/12 | 10/10 | 32/32 | 0 | 98,8% |
| B3b | Lífræn fosfórsambönd | 1/1 | 1/1 | 7/7 | 1/1 | 4/4 | 0 | 10/10 | 0 | 0 | 100% |
| B3c | Kemísk frumefni: | | | | | | | | | | |
| | Pb, Cd | 0 | 0 | 0 | 0 | 5/5 | 0 | 0 | 20/20 | 8/8 | 100% |
| | Pb, Cd, Hg, As | 3/3 | 2/2 | 24/24 | 5/5 | 0 | 14/14 | 16/16 | 0 | 0 | 100% |
| | Cu, Zn | 0 | 10/10 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 100% |
| B3d | Sveppaeitur | 2/2 | 2/2 | 7/7 | 1/1 | 4/4 | 12/12 | 16/16 | 0 | 0 | 100% |
| B3e | Litarefni | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 14/14 | 0 | 0 | 0 | 100% |
| B3f | Önnur efni | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0% |
| Fjöldi Sýna | | 99 | 57 | 312 | 50 | 208 | 198 | 304 | 312 | 8 | 1548 |